

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2020

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2020 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 22. mars 2021.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2020 var 33.322 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 288.768 þús. kr. skv. ársreikningi. Stjórnin mun ekki leggja til við hluthafafund félagsins að hlutafé verði aukið.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 140 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 68.791 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Jakob Björgvin Jakobsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2016-2020

Rekstrarreikningur	2020	2019	2018	2017	2016
Tekjur	68.791	67.018	64.934	63.454	62.403
Rekstrargjöld	-9.014	-7.017	-6.208	-7.302	-6.216
Afskriftir	-4.507	-4.495	-4.369	-4.358	-4.343
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-13.613	-15.608	-19.527	-18.837	-22.437
Hagnaður fyrir skatta	41.657	39.898	34.830	32.957	29.407
Tekjuskattur	-8.335	-4.824	0	0	0
Hagnaður ársins	33.322	35.074	34.830	32.957	29.407
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	422.163	425.801	420.715	425.085	428.059
Veltufjármunir	32.333	32.931	29.345	23.328	21.030
Eignir samtals	454.496	458.732	450.060	448.413	449.089
Eigið fé	288.768	255.446	216.372	173.542	130.585
Langtímaskuldir og skuldbindingar	127.422	150.011	181.094	222.857	265.716
Skammtímaskuldir	38.306	53.275	52.594	52.014	52.788
Eigið fé og skuldir samtals	454.496	458.732	450.060	448.413	449.089
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	52.322	43.411	45.917	41.185	45.476
Fjárfestingahreyfingar	0	0	0	-1.384	-3.468
Fjármögnunarahreyfingar	-50.737	-45.449	-39.927	-36.902	-38.028
Handbært fé í árslok	28.823	27.238	29.276	23.287	20.388
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	0,84	0,62	0,56	0,45	0,40
Eiginfjárhlutfall	63,54%	55,69%	48,08%	38,70%	29,08%